

Póst- og fjarskiptastofnun
Sigurjón Ingvarsson
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

EFNI: SAMRÁÐ UM FRAMTÍÐARNOTKUN 700 MHZ TÍÐNISVIÐS Á ÍSLANDI

IMC Ísland ehf. fagnar því að farið sé í útboð á 700, 2100 og 2600 MHz tíðnum fyrir notkun fjarskiptatækja og að þetta endurspegli þá þörf sem er á markaðnum fyrir frekari tíðninotkun.

Það er mat IMC Íslands ehf. huga þurfi betur að því hverskonar notkun Póst- og fjarskiptastofnun telur að eigi að vera til staðar til þess að hægt sé að tala um skynsamlega nýtingu á fjarskiptatíðni. Að sama skapi er það álit IMC Ísland ehf. að orða eigi fjarskiptaleyfi á þann hátt að þau séu eins tæknilega hlutlaus og mögulegt er.

Í kafla 9.2 í útboðsskilmálum vegna fyrirhugaðs útboðs á 700, 2100 og 2600 MHz hérlandis þá er ekki minnst á um hverskonar nýtingu sé að ræða. Fram til þessa þá hefur hefðbundin skilgreining á því hvað telst vera nýting einfaldlega verið endanotandi með símtæki eða snjalltæki í notkun fyrir sig persónulega eða í sínu starfi.

Helstu greiningaraðilar gera ráð fyrir því að árið 2020 verði í umferð yfir 20 milljarðar M2M-tækja sem verði í samskiptum við hvort annað yfir hefðbundið fjarskiptanet. Um er að ræða nýja nálgun á nýtingu fjarskiptatíðna þar sem ekki lengur er bara hefðbundin endanotandi með sitt tæki heldur eru tæki að eiga í samskipti við hvort annað.

Það er mat IMC Ísland ehf. að í útboðsskilmálum sem og í öðru efni og leyfum útgefna af Póst- og fjarskiptastofnun að það þurfi að koma skýrt fram að ekki sé gerður greinarmunur á nýtingu fjarskiptatíðna t.d. hvort sem um hefðbundin endanotanda með GSM-tæki eða M2M-tæki. Eins þarf að gera ráð fyrir þeirri öru framþróun sem eigi sér stað á fjarskiptamarkaðnum og að fjarskiptaleyfi sem eru útgefin með tíðninotkun í huga geri ekki ráð fyrir því að einhver ákveðin tækni sé notuð á því tíðnisviði sem úthlutað er.

Í framhaldi af því þá má vera að endurorða þurfi kröfur um útbreiðslu tíðna en það mun líklegast tengjast frekari rýnivinnu á vegum Póst- og fjarskiptastofnunnar.

Ef Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir frekari hugmyndum eða samstarfi varðandi þessa vinnu þá er IMC Ísland ehf. tilbúið að koma að þeirri vinnu og leggja fram nánari skýringar og röksemdir fyrir því hvers vegna það skiptir máli að úthlutað leyfi skilgreini hvorki tækni- né notkunartilfelli svo hægt sé að koma til móts við þarfir markaðarins hverju sinni.

Fyrir hönd IMC Ísland ehf.



Magnús Viðar Skúlason
Framkvæmdastjóri IMC Ísland ehf.